

KJARASAMNINGUR

Kennarasambands Íslands v/Félags leikskólakennara og Samtaka sjálfstæðra skóla (SSSK)

Kennarasamband Íslands, fyrir hönd Félags leikskólakennara og Samtök sjálfstæðra skóla, fyrir hönd rekstraraðila leikskóla sem veitt hafa SSSK samningsumboð, gera eftirfarandi kjarasamning um kaup og kjör leikskólakennara.

1. gr.

Um kaup og kjör fer skv. kjarasamningi Félags leikskólakennara við Samband íslenskra sveitarfélaga sem undirritaður var 20. ágúst 2011. Þannig gilda ákvæði hans bæði um laun svo og önnur launakjör eins og orlof, uppsagnarfrest, fæðingarorlof, vinnutíma og veikindarétt, nema annað sé tekið fram í samningi þessum.

Ákvæði í ráðningarsamningi sem veitir lakari rétt en um getur í ofangreindum samningi er ógilt.

2. gr.

Þeir félagsmenn FL sem hafa haft samkvæmt fyrri kjarasamningi eða ráðningarsamningi kjör umfram það sem kveðið er á um í kjarasamningi FL við Samband íslenskra sveitarfélaga skulu halda þeim kjörum.

3. gr.

Laun skulu greidd fyrsta virka dag hvers mánaðar eftirá, nema samkomulag sé um annað. Lífeyrissjóðsframlag skal greitt í þann lífeyrissjóð sem viðkomandi kys og möguleiki er á.


4. gr.

Kjarasamningur þessi gildir frá 1. júní 2011 til 31. desember 2011 en fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Eftir þann tíma skal unnið eftir þessum kjarasamningi þar til nýr hefur verið gerður.

Aðilar lýsa yfir vilja til gerðar heildarkjarasamnings vegna félagsmanna FL sem starfa hjá leikskólum innan SSSK og er að því stefnt að vinnu verði lokið fyrir 31. desember 2011.

Dags. 14. september 2011

F.h. Samtaka sjálfstæðra skóla
e.u. rekstraraðila



F.h. Kennarasambands Íslands
v. Félags leikskólakennara

